

Mál 16/2017

Ár 2017, miðvikudaginn 13. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.16/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 11. maí 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A, við rakkann B, án þess að tíkin væri með gilda augnskoðun við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. júní 2017 og henni gefinn andmælafrestur til 6. júlí. Svar dags. 12. júní barst frá kærðu. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 25. apríl 2017 var tíkin A, pöruð við rakkann B, hinn 23. desember 2016 án þess að tíkin hefði gilda augnskoðun við pörun. Hundarnir eru af tegundinni Íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Með svari kæru fylgdi afrit reikningi þar sem fram kom að aflestur mjaðmamyndar hefði farið fram 22. desember 2016. Um það er ekki ágreiningur. Aftur á móti kemur fram á meðfylgjandi pörunarvottorði að augnskoðun hafi farið fram 5. mars 2017 eða tveimur og hálfum mánuði eftir pörun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.1999). Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun. (Gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga

vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin var ekki með gilda augnskoðun við þörun. En slíkt vottorð eitt þeirra gagna sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóm. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og til allra heilla stóðst hún skoðun. Það breytir ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrirséð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

Guðríður Valgeirsdóttir

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir